

**Félags- og húsnæðismálaráðuneyti
-skrifstofa vinnumarkaðar og almannatrygginga**

**Umsögn Starfsgreinasambands Íslands (SGS) um áform um frumvarp til laga um
Ábyrgðasjóð launa (Samráðsgátt, mál nr. S-129/2026)**

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum vegna áforma um heildarendurskoðun laga um Ábyrgðasjóð launa.

SGS telur mikilvægt að reglur um Ábyrgðasjóð launa tryggi ávallt vernd launafólks þegar atvinnurekandi verður gjaldþrota. Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst að verja réttindi launafólks við þær erfiðu aðstæður sem skapast þegar fyrirtæki verður ófært um að standa við lögbundnar skuldbindingar sínar. Við endurskoðun laganna verður því að gæta þess að markmið um hagræðingu og einföldun stjórnsýslu leiði ekki til skerðingar á þeirri vernd sem launafólk nýtur samkvæmt gildandi lögum.

SGS telur jákvætt að ráðist sé í heildarendurskoðun laganna með það að markmiði að skýra framkvæmd þeirra, draga úr túlkunarvanda og bæta stafræna stjórnsýslu. SGS gerir jafnframt ekki athugasemd við að kærumeðferð verði færð frá ráðuneyti til úrskurðarnefndar velferðarmála, enda verði tryggt að nefndin hafi nauðsynlega sérþekkingu og burði til að afgreiða málin hratt og með fullnægjandi hætti. Slíkar breytingar geta styrkt réttaröryggi þeirra einstaklinga sem þurfa að leita réttar síns gagnvart sjóðnum.

SGS hefur hins vegar verulegar áhyggjur af þeirri fyrirætlan að stytta ábyrgðartímabil vegna lífeyrissjóðsiðgjalda. Lífeyrissjóðsiðgjöld eru hluti af umsömdum starfskjörum launafólks og starfsmaður á ekki að bera fjárhagslegt tjón vegna þess að atvinnurekandi sinnir ekki lögbundnum skyldum sínum eða verður gjaldþrota. Stytting ábyrgðartímabilsins felur í sér hættu á að fjárhagslegar afleiðingar af vanskilum atvinnurekanda verði færðar yfir á launafólk sem enga ábyrgð ber á þeim.

Í þeim gögnum sem lögð eru fram kemur skýrt fram að markmið breytingarinnar sé meðal annars að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. SGS telur að sparnaðarsjónarmið geti ekki ein og sér réttlætt breytingar sem kunna að skerða réttindi launafólks eða hafa áhrif á áunnin lífeyrisréttindi þess.

Í áformunum kemur ekki fram hvaða ábyrgðartímabil ráðuneytið hyggst leggja til né hvaða áhrif mismunandi útfærslur hefðu á réttindi launafólks. SGS telur óásættanlegt að ekki liggi fyrir ítarlegt mat á áhrifum áður en ákvörðun verður tekin um svo veigamikla breytingu.

SGS telur nauðsynlegt að eftirfarandi liggi fyrir áður en frumvarp verður lagt fram:

- hversu margir launþegar gætu orðið fyrir skerðingu á réttindum,
- hvernig áhrifin skiptast eftir atvinnugreinum og hópum launafólks og hvort breytingarnar hafi hlutfallslega meiri áhrif á tekjulágt launafólk eða aðra hópa sem standa veikar á vinnumarkaði,
- hversu háar fjárhæðir gætu fallið utan ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa,
- hvaða áhrif hefðu breytingarnar á áunnin lífeyrisréttindi,
- hvort breytingarnar samræmist verndarhlutverki Ábyrgðasjóðs launa og EES-reglum um vernd launafólks við gjaldprot atvinnurekenda.

SGS telur jafnframt mikilvægt að tryggt verði að aðilar vinnumarkaðarins hafi áfram raunhæfa aðkomu að þróun og framkvæmd laga um Ábyrgðasjóð launa, jafnvel þótt stjórn sjóðsins verði lögð niður. Verði stjórnin lögð niður þarf að liggja skýrt fyrir með hvaða hætti verkefnum hennar og ábyrgð verði fyrir komið og hvernig raunveruleg aðkoma fulltrúa launafólks verði tryggð áfram. SGS telur ekki ásættanlegt að breyting á stjórnskipulagi leiði til þess að þekking og aðkoma fulltrúa launafólks hverfi úr kerfinu.

Varðandi fyrirhugaða breytingu um að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði komi til frádráttar kröfum gagnvart Ábyrgðasjóði launa telur SGS nauðsynlegt að fyrir liggi ítarlegt áhrifamat áður en slík breyting verður lögð til. Sérstaklega þarf að meta jafnréttisáhrif breytingarinnar og hvort hún geti leitt til lakari stöðu foreldra sem eru í fæðingarorlofi þegar atvinnurekandi verður gjaldproti. Tryggja verður að réttindi einstaklinga í fæðingarorlofi skerðist ekki.

Niðurstaða SGS

SGS leggst eindregið gegn því að ábyrgð Ábyrgðasjóðs launa á vangoldnum lífeyrissjóðsiðgjöldum verði skert. Launafólk á ekki að bera tjón vegna þess að atvinnurekandi vanrækir lögbundnar skyldur sínar og hagræðing í ríkisrekstri réttlætir ekki að sú áhætta sé færð yfir á launafólk. Áður en frumvarp verður lagt fram þarf að liggja fyrir heildstætt áhrifamat og tryggt að breytingarnar efli réttaröryggi og vernd launafólks.

SGS lýsir sig jafnframt reiðubúið til áframhaldandi samráðs við ráðuneytið við vinnslu frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Vilhjálmur Birgisson, formaður SGS